

Páll Einarsson

# BREIÐBOBBINN (*OXYCHILUS DRAPARNAUDI* (BECK, 1837)) ENDURFUNDINN Á ÍSLANDI

## INNGANGUR

Í grein Árna Einarssonar<sup>1</sup> um landkuðunga á Íslandi er m.a. fjallað um nýfundna tegund, *Oxychilus draparnaudi* (Beck, 1837), sem hann nefnir breiðbobba. Breiðbobbann fann Árni við Tjörnina í Reykjavík árið 1965, en þegar greinin var skrifuð hafði hann ekki fundið hann um nokkurra ára skeið þrátt fyrir talsverða eftirgrennslan. Helst leit út fyrir að tegundin hefði dáið út hér á landi. Leið nú fram til 1989 en þá flutti ég í íbúð að Laufásvegi 26 í Reykjavík. Þegar farið var að róta í garðinum við húsið kom í ljós að þar lifði breiðbobbinn góðu lífi í grasi og laufhrúgum (1. mynd). Einnig kom í ljós að hann lifði á nálægum lóðum, einkum á gamalli óræktarlóð á mótum Laufásvegar og Hellusunds þar sem síðar var byggt yfir sendiráð Bretlands og Þýskalands. Síðar fannst breiðbobbi við Hólavallagötu, Hólatorg og Fjólugötu svo hann hefur greinilega náð góðri fótfestu umhverfis Kvosina í Reykjavík. Auk þessara staða eru skráðir í gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar fundarstaðir við Ásvallagötu árið 1998 og í Hafnarfirði, við Hraunbrún árið 2003 og Norðurbraut árið 2004.



1. mynd. Breiðbobbi á ferð í garðinum að Laufásvegi 26. Blái liturinn er einkennandi fyrir dýrið. – *Oxychilus draparnaudi* moving about in a garden in central Reykjavík. The blue colour of the animal is one of the characteristics of the species. Ljósmynd: Oddur Sigurðsson.

## ÆTTERNI

Ættkvíslin *Oxychilus* tilheyrir ættinni Zonitidae. Sameiginleg einkenni ættarinnar er þunn, glansandi og gegnsæ skel. Kuðungurinn er undinn upp í nokkuð flata skífu sem er með kúptu ummáli. Útrönd munnans er þunn og ekki útsveigð. Saumurinn er grunnur og munna-saumurinn er ekki niðurbeygður. Eftir að dýrið drepst veðrast kuðungurinn fljótt og verður mattur og ógegnær. Þá getur verið erfitt eða jafnvel ógerningur að greina kuðunginn til tegundar.

Í ættinni Zonitidae hefur verið lýst nokkur hundruð tegundum sem dreifast um nær alla jörðina, að meirihluta þó um norðurhvel. *Oxychilus* er stærsta ættkvíslin. Mest er tegundafjölbreytnin í suðaustanverðri Evrópu og suðvestanverðri Asíu. Í Tyrklandi hafa t.d. fundist a.m.k. 28 tegundir af *Oxychilus*<sup>2</sup>. Í Mið-, Norður- og Vestur-Evrópu eru tegundirnar aðeins 12, og aðeins 3 þeirra lifa í Norður-Evrópu og Skandinavíu<sup>3</sup>. Ein þeirra er *O. cellarius* (O.F. Müller, 1774) sem er frumfyrirmynd ættkvíslarlýsingarinnar (type of the genus). Hana mætti kalla kjallarabobba. Kjallarabobbinn er algengur víða um heim og hefur líklega breiðst út með umsvifum mannsins. Hann hefur þó ekki fundist enn hér á landi. Ef litið er til mikillar aðlögunarhæfni þessarar tegundar er það varla nema spurning um tíma hvenær hún flyst hingað til lands, sérstaklega í ljósi þess að breiðbobbinn, sem er ekki eins harðgerð tegund, er þegar kominn hingað og virðist þrífast ágætlega.

Nokkrar tegundir af ættinni Zonitidae finnast hér á landi:

*Vitrea crystallina* (O.F. Müller, 1774)  
*Vitrea contracta* (Westerlund, 1871)  
*Aegopinella pura* (Alder, 1830)  
*Nesovitrea hammonis* (Ström, 1765)  
*Oxychilus alliarius* (Miller, 1822)  
*Oxychilus draparnaudi* (Beck, 1837)  
*Zonitoides nitidus* (O.F. Müller, 1774)  
*Zonitoides arboreus* (Say, 1816)

kristalbobbi  
 agnarbobbi  
 grundarbobbi  
 geislabobbi  
 laukbobbi  
 breiðbobbi  
 vallbobbi  
 húsabobbi

Þetta eru yfirleitt harðgerðustu tegundir ættarinnar og þær sem hafa mesta aðlögunarhæfni, þ.e. þær sem finnast við fjölbreytilegust skilyrði. Þær eru hér yfirleitt við norðurmörk útbreiðslusvæðis síns.

Heiti

Latína: *Oxychilus draparnaudi* (Beck, 1837)

Enska: Draparnaud's glass snail

Þýska: Große Glanzschnecke

Danska: Draparnauds glansnegl

## LÝSING

Einkenni ættarinnar, sem talin eru að framan, eiga vel við um breiðbobbann. Kuðungurinn hefur 5–5½ vinding og fíngerðar en óreglulegar vaxtarrákir. Vaxtarrákirnar líkjast stundum fíngerðum fellingum, einkum nálægt saumnum. Liturinn á skelinni er ljósbrúnn eða fölgulleitur. Liturinn á dýrinu er mjög einkennandi fyrir tegundina og sést hann vel í gegnum hálf-



2. mynd. Safn af 8 breiðbobbum úr garðinum við Laufásveg 26; mæliskvarðinn sýnir cm.  
 – A collection of 8 snails of *Oxychilus draparnaudi* from Reykjavík. The scale is in cm.

gegnisæja skelina á neðra borði kuðungsins. Snigillinn er dökkbláleitur eða blágrár. Kuðungurinn er 11–16,5 mm í þvermál<sup>3</sup>. Yfirleitt eru bobbar fundnir hérlandis nálægt neðri stærðarmörkunum (2. mynd) eins og oft vill verða við nyrðri mörk útbreiðslusvæðis tegundar.

Tegundirnar þrjár af *Oxychilus*-ættkvíslinni sem lifa í Norðvestur-Evrópu, laukbobbinn, kjallarabobbinn og breiðbobbinn, eru allar fremur svipaðar að lögun og útliti en stærðarmunurinn er nokkur. Laukbobbinn er 5,5–7 mm í þvermál og kjallarabobbinn 9–12 mm, það er að segja báðir oftast minni en breiðbobbinn.

## ÚTBREIÐSLA

Breiðbobbinn er upprunninn við Miðjarðarhafið en breiddist snemma út fyrir tilstilli mannsins til Vestur-Evrópu, Bretlands og suðurhluta Skandinavíu<sup>4</sup>. Til Bretlands var hann kominn á tímum Rómverja og enn er hann talinn vera að breiðast út. Hann fluttist með menningu Evrópubúa til Norður-Ameríku og gengur þar raunar undir nafninu *O. draparnaldi*, sem líklega er til komið fyrir ritvillu. Hann finnst þar við austurströndina, frá Massachusetts suður til Suður-Karólínu, og líka vestur um meginlandið allt til Washington, Oregon og Kaliforníu<sup>5</sup>. Með Evrópumönnum hefur breiðbobbinn einnig borist til Nýja-Sjálands<sup>6</sup>.

Eftir því sem næst verður komist er Reykjavík nyrsta búsvæði breiðbobbans á jörðinni. Líklegt verður að telja að breiðbobbinn hafi borist hingað með garðplöntum, hugsanlega á vegum einhvers af frumherjum garðyrkju í borginni.

## LIFNAÐARHÆTTIR

Breiðbobbanum líkar best lífið í og undir laufi og drasli á jörðinni, helst þar sem skjólsælt er og rakt. Nálægt norðurmörkunum útbreiðslusvæðisins er hann fyrst og fremst tengdur

manninum og umsvifum hans, finnst gjarnan í gördum, ruslahaugum og meðfram vegum. Sunnar finnst hann einnig í náttúrulegu umhverfi og fjarri mannabyggð, í skógum, milli steina og í sjávarhömrum. Fyrsta nýlenda breiðbobbans sem fannst í Reykjavík var milli steina á bökkum Tjarnarinnar við Skothúsveg. Síðari tíma fundarstaðir eru allir í gördum eða á óbyggðum löðum.

Flestar tegundir snigla lifa á jurtafæði og eru lítt matvandar. Meðal annars lifa þær á leifum af laufi, sveppum, fléttum, rötum, fræjum, blómum og ávöxtum sem byrjaðar eru að meyrna. Hér eru þó nokkrar undantekningar á. Allmargar tegundir af ættinni *Zonitidae* eru þekktar kjötætur, lifa meðal annars á öðrum sniglum. Einkum er breiðbobbinn þekktur af kjötáti. Sumstaðar erlendis eru kjötætusniglar notaðir til að halda niðri sniglaplágum við ræktun nytjajurta.

## SUMMARY

Breiðbobbinn (*Oxychilus draparnaudi* (Beck, 1837)) endurfundinn á Íslandi

In Árni Einarsson's compilation of land snails in Iceland (1), written in 1977, it was reported that the species *Oxychilus draparnaudi* (Beck, 1837), Draparnaud's glass snail, had been found in Reykjavík in 1965. But in spite of considerable searching effort it had not been found for several years at the time of writing. In 1989 a healthy colony was found in a garden near the city centre and subsequently several colonies were discovered in the same general area as well as in the neighbouring town Hafnarfjörður. The snails were most likely dispersed by garden plants from continental Europe. Reykjavík is the northernmost known habitat of the species so far.

## HEIMILDIR

1. Árni Einarsson 1977. Íslenskir landkuðungar. Náttúrufræðingurinn 47. 65–87.
2. Schütt, H. 1996. Landschnecken der Türkei. Acta Biologica Benrodis, Supplementband 4. 497 bls.
3. Kerney, M.P., Cameron, R.A.D. & Jungbluth, J.H. 1983. Die Landschnecken Nord- und Mitteleuropas. Verlag Paul Parey, Hamburg u. Berlin. 384 bls.
4. Kerney, M. 1999. Atlas of the Land and Freshwater Molluscs of Britain and Ireland. Harley Books, Essex. 263 bls.
5. Burch, J.B. 1962. The Eastern Land Snails. Wm. C. Brown Company Publishers, Iowa. 213 bls.
6. Barker, G.M. 1999. Naturalised terrestrial Stylommatophora (Mollusca: Gastropoda). Fauna of New Zealand 38. Lincoln, Manaaki Whenua Press. 254 bls.

## UM HÖFUND

Páll Einarsson (f. 1947) lauk doktorsprófi í jarðeðlisfræði frá Columbia-háskólanum í New York 1975 og hefur verið prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands 1994–1997 og frá 1999. Rannsóknarviðfangsefni hans eru jarðskorpuhreyfingar, jarðskjálftar og eldvirkni, en hann er einnig áhugamaður um útbreiðslu lindýra.

## ÍSLENSKT ÁGRIP FYRIR VEFSÍÐUNA

Breiðbobbinn, *Oxychilus draparnaudi* (Beck, 1837), fannst fyrst við Tjörnina í Reykjavík árið 1965 en varð síðan ekki vart í allmörg ár þrátt fyrir eftirgrensulan. Árið 1989 fannst tegundin aftur á nokkrum stöðum umhverfis Kvosina í Reykjavík og síðan einnig í Hafnarfirði. Tegundin virðist því hafa náð öruggri fötfestu á Íslandi. Að öllum líkindum hefur hún borist til landsins með garðplöntum frá meginlandi Evrópu. Ættkvíslin *Oxychilus* er fjölskrúðugust í suðaustanverðri Evrópu og suðvestanverðri Asíu. Þaðan fækkar tegundum til norðurs í Evrópu. Í Norðvestur-Evrópu lifa aðeins þrjár tegundir ættkvíslarinnar og eru tvær þeirra hér á landi, breiðbobbinn og laukbobbinn (*O. alliarius* (Miller, 1822)). Breiðbobbinn hefur breiðst út norður á bóginn frá Miðjarðarhafssvæðinu síðan á tímum Rómverja og er Reykjavík nyrsta þekktu búsvæði hans enn sem komið er.

Lykilorð: Breiðbobbi, *Oxychilus draparnaudi*, Zonitidae